

# Rannsóknadæling í Ísafjarðardjúpi

## Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Rannsóknadæling úr kalkpörungaseti í Ísafjarðardjúpi
Framkvæmdaraðili	Íslenska Kalkpörungafélagið ehf.
Sveitarfélag	Utan netlaga.
Tegund framkvæmdar	2.04

<p>Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)</p> <p>Framkvæmdin er hluti af rannsóknum á eiginleikum kalkpörungasetis á tveimur stöðum í Ísafjarðardjúpi við Æðey og Kaldalón. Á hvoru svæði er fyrirhugað að taka um 300 m<sup>3</sup> af efni.</p> <p>Framkvæmdin felst í því að dæluskip safnar efni eftir tveimur línunum, einni á hvoru svæði. Línan við Æðey verður tæplega 1.100 m löng en línan við Kaldalón rúmlega 800 m. Breidd hvarrar línu (skurðar) verður um 1 m og minna en 0,5 m á dýpt. Bein áhrif dælingar á botn verður því um 1.100 m<sup>2</sup> við Æðey en rúmlega 800 m<sup>2</sup> við Kaldalón. Heildarflatarmál fyrirhugaðra vinnslusvæða við Æðey og Kaldalón, er mun umfangsmeira og bein áhrif tilraunadælinganna á botn við Kaldalón raska 0,002 % af heildarsvæðinu en rask vegna tilraunadælingar við Æðey hefði áhrif á 0,2% fyrirhugaðs efnistökusvæðis þar.</p> <p>Eftir að efninu hefur verið dælt upp verða tekin úr þeim sýni og förmunum landað á Bíldudal. Þar verða frekari sýni tekin.</p>
---

Var leitað umsagna?	(Já)
<p>Ef já, frá hverjum og hverjar eru helstu ábendingar þeirra sem áhrif hafa á ákvörðunina?</p> <p>Áður en Skipulagsstofnun hafði borist formleg tilkynning frá framkvæmdaraðila, hafði Orkustofnun óskað eftir umsögnum, frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Umhverfisstofnun vegna breytinga á rannsóknaleyfi Kalkpörungafélagsins. Því taldi Skipulagsstofnun að ekki væri tilefni til að óska sérstaklega umsagna, en fékk þess í stað umsagnir sem Orkustofnun höfðu borist. Enginn umsagnaraðili gerði athugasemdir við umrædda sýnatöku.</p>	

Hefur framkvæmdin áhrif á:	Já/nei	Eru áhrifin líkleg til að verða mikil? Skýrið.
Friðlýst svæði s.s þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvanga	Nei	
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinna vistkerfa og jarðminja s.s eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi	Nei	
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruminjaskrá	Nei	
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)	Nei	
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum	Já	Ospar- samningur
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja	Nei	
Vatnsverndarsvæði	Nei	
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum	Nei	
Víðerni	Nei	
Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun	Nei	
Fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi	Nei	
Jarðmyndanir (t.d eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)	Nei	
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur	Nei	
Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar)	Já	Rask á kalkþörungum. Umfang rasks óverulegt.
Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)	Nei	
Loftgæði	Nei	
Menningarminjar	Nei	
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu	Nei	
Úrgangsmýndun	Nei	
Mengun og ónæði	Nei	
Slyshættu	Nei	

Dags. ákvörðunar	7. október 2015
Ákvörðun	Ekki háð mati
Kærufrestur	16. nóvember 2015

